

225. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

fimmtudaginn, 22. nóvember 2018 kl. 15.00

Mættir:

Stjórnarmenn: Dagbjört Pálsdóttir formaður, Ásgeir Örn Blöndal, Pröstur Friðfinnsson, Katrín Sigurjónsdóttir og Valtýr Hreiðarsson

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri, Helga María Pétursdóttir og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð)

Formaður setti fundinn kl. 15.00 og bauð stjórnarmenn velkomna.

1. Undirritun fundargerðar nr. 224

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda

2. Eyþing

Fundargerð síðasta fundar Eyþings þann 1.11. 2018 gefur ekki tilefni til umræðu. Í 4. lið fundargerðar frá 23.10. kemur eftirfarandi fram:

„Stjórn leggur fram eftirfarandi tillögu að 5 manns í starfshóp til að hefja viðræður við atvinnuþróunarfélögin AFE og AP samkvæmt tillögu sem samþykkt var á aðalfundi Eyþings.

- Þóroddur Bjarnason formaður, HA
- Hilda Jana Gísladóttir, Akureyri
- Kristján Þór Magnússon, Norðurþingi
- Sigurður Þór Guðmundsson, Svalbarðshreppi
- Ingibjörg Guðlaug Jónsdóttir, Fjallabyggð

Starfshópnum er falið að skila niðurstöðu úr viðræðunum fyrir 1. mars 2019.“

Okkur er kunnugt um að starfshópurinn hefur þegar tekið til starfa. Einnig rætt um að vinna með Eyþingi að sviðsmyndagreiningu.

3. Málþing um fiskeldi

Farið yfir hugmynd, sem kynnt var á síðasta stjórnarfundum, um að halda málþing fræðimanna, fagaðila, sveitarstjórnarmanna og almennings um fiskeldi við Eyjafjörð. Undrbúningur er hafinn og er áætluð tímasetning í janúar á næsta ári. Markmið málþingsins er að vera upplýsandi vettvangur milli fræðasamfélagsins og almennings. Dagsetning ekki ákveðin en athuga með t.d. laugardaginn 19. janúar.

4. ANA viðskiptahraðall

Sagt frá breytingum og framkvæmd ANA (Atvinnu- og nýsköpunarhelgin á Akureyri). Undanfarin ár hefur ANA verið helgarviðburður eins og nafnið bendir til og haldinn í húsakynnum HA. Þrjár meginbreytingar voru gerðar í ár. Í fyrsta lagi að hafa nýsköpunar- og frumkvöðlahátíð í einn dag þar sem fluttir voru fróðlegir fyrirlestrar um málefnið og verkefnið kynnt. Síðan tók við sex vikna sk. viðskiptahraðall þar sem þátttakendum gafst kostur á að vinna verkefni sín mun lengra en á einni helgi. Í öðru lagi var breytt um vettvang og upphafshátíðin og hraðallinn haldin í húsakynnum Verk-

KS. DAF

smiðjunnar. Í þriðja lagi gekk Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga til liðs við okkur og Nmí um framkvæmd verkefnisins. Afe hefur ekki beinan kostnað af verkefninu annan en í formi vinnuframlags. Öll framkvæmdin gekk mjög vel. Reynslan af þessum breytingum var mjög góð.

5. Staða helstu verkefna



Framkvæmdastjóri fór yfir nokkur verkefni m.a. raflínumál og nýliðinn fund með Landsneti, tæknimál Akureyrarflugvallar, Dysnesmál og lífmassaver, Credit Info fyrirtækjalista sem hefur reynst mun tímafreakari en gert var ráð fyrir, landbúnaðarskýrslu sem verið er að vinna í samstarfi við SSV, Hlíðarhrygg, innviðagreiningu, ný heimasíða kynnt, verkefni í atvinnustefnu Akureyrar o.fl.

6. Önnur mál

Sagt frá stöðu undirbúnings verkefnis með Vistorku um vest-norrænt samstarf í sorp og úrgangsmálum. Eins og áður hefur komið fram er hugmyndin að sækja um styrk í samstarfi við Grænlinga og Færeyinga í NORA sjóðinn.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 17:00


liðoð.
Dagbjörg Pálsdóttir

Katrín Siqujónsdóttir